

Læsisstefna Grunnskólans á Drangnesi

Formáli

Haustið 2015 hófst vinna við læsisstefnu Grunnskólans á Drangnesi. Starfsfólk skólans sótti ráðstefnuna **Læsi er lykill**, á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun í upphafi nýs skólaárs, þar var hugmyndum safnað og í kjölfarið ákveðið að gera eftirfarandi breytingar. Heimalestur yrði í öllum árgöngum og voru kvittanabækur sendar heim með nemendum sem m.a. innihéldu upplýsingar fyrir forráðamenn um tímalengd og tilhögun lesturs auk þess sem nýjungin var kynnt í útgefnu fréttabréfi í haustbyrjun. Lestrarstundir sem verið höfðu í hálfra kennslustund í upphafi hvers dags voru nýttar í yngri barna deild fyrir lestrarstund nemenda og kennara en í eldri bekkjar deild tókust nemendur á við fjölbreytta texta allt frá mataruppskriftum upp í heldur flóknari texta sem þeir lásu og unnu verkefni úr. Þessar tuttugu mínútna stundir í upphafi skóladags eru nú nýttar til lesturs sem er í höndum kennara. Farið er yfir höfundarverk ákveðins höfundar og í lok hvernar lestrarstundar rætt um efni textans og staldrað við einstök orð. Markmið þessa morgunlesturs er að þjálfra hlustun nemenda, auka orðaforða þeirra og efla þau í samræðu um texta og túlkun hans. Vikulegar söngstundir tóku einnig á sig breytta mynd haustið 2015 en til þess að efla nemendur í upplestri og framsögn fengu þeir hlutverk sögumanns í sameiginlegum söng- og sögustundum leik- og grunnskólans. Kennarar þjálfuðu nemendur þá vikuna sem þeir voru í sögumannshlutverki og bar þetta góðan árangur ásamt því að veita nemendum aukið sjálfstraust í lestri. Sérstaklega var unnið með stærðfræðihugtök, mynd- og hugtakalæsi í sérstakri smiðjuvinnu skólaárið 2015-2016. Skólastjóri og umsjónarmaður móðurmálskenndu í eldri bekkjardeild sá um að gera áætlun varðandi lestrarskimanir í öllum árgöngum og raddlestrarpróf.

Við vinnu læsisstefnu Grunnskólans á Drangnesi voru eftirfarandi markmið höfð að leiðarljósi:

- Stórauka vægi lesturs í öllum árgöngum bæði með daglegum heimalestri, yndislestri og lestri í skóla.
- Leita leiða til þess að gera viðhorf nemenda og foreldra til lesturs jákvætt.
- Styðja foreldra í lestrarnámi barna sinna.
- Huga að ólíkum og fjölbreyttum textagerðum og veita nemendum þjálfun í lestri þeirra í öllum námsgreinum.
- Finna lestrarefni við hæfi hvers og eins og huga að fjölbreyttum og áhugaverðum viðfangsefnum í lestri.
- Skapa hvetjandi lestrarumhverfi; hafa áhugavekjandi bækur og annað lestrarefni ávallt sýnilegt sérstaklega í og í kringum setustofu nemenda.
- Finna árangursríkar leiðir til þess að meta stöðu nemenda í hverjum árgangi með skimunum og lestrarprófunum. Grípa inn í þegar ljóst er að um lestrarvanda eða hættu á vanda er að ræða (snemmtæk íhlutun). Tryggja aðgang að stöðluðu námsmati í lestri og veita nemendum í lestrarvanda sérstakan stuðning í samstarfi við sérfræðinga.
- Búa til skipulag og utanumhald um stöðu hvers og eins, einblína sérstaklega á framfarir og bregðast fljótt og örugglega við þegar vart verður við vanda.
- Taka þátt í og búa til lestrarhvetjandi átök innan skólans s.s. eins og lestrarátak Ævars vísindamanns og sumarlestur.
- Efla þátt samræðna um texta í þeim tilgangi að auka orðaforða og þjálfu lesskilning nemenda.
- Efla þátt ritunar; skapandi skrifa og ritunar sem tengist lesnum textum í öllum námsgreinum.
- Hvetja starfsfólk til þess að sækja sér endurmenntun á sviði læsis, taka þátt í ráðstefnum, námskeiðum og öllu því er styrkt getur kennara og aðra starfsmenn skólans til þess að ná fram markmiðum þjóðarsáttmála um læsi.

Hér á eftir fylgja upplýsingar um þær leiðir sem eru farnar innan skólans til þess að efla læsi í víðum skilningi ásamt viðmiðum og mati á stöðu nemenda í hverjum áragi.

Yngri barna deild (1.-3. bekkur)

Matspættir	Hæfniviðmið (nemandi getur)	Leiðir	Mat á árangri og stöðu nemenda
Lestur og skilningur	<ul style="list-style-type: none">-rímað og klappað atkvæði í orðum-kann íslensku bókstafina og hljóð þeirra-lesið og unnið með einfaldan gæðatexta-sýnir skilning á efni textans- lesið úr myndrænu efni- lesið í hljóði og upphátt þekkir hugtökin orð og málsgrein- lesið einfaldan fróðleiks -og gæðatexta og greint aðalatriði- endursagt lesinn texta - lesið sér til ánægju og fróðleiks- nýtt fjölbreyttan texta <input type="checkbox"/>- aflað sér afmarkaðra upplýsinga úr bókum og af Netinu og nýtt í verkefnavinnu- beitt hugtökum eins og söguþræði, persónulýsingu, umhverfi og boðskap	<p>Lesið daglega heima og í skólanum</p> <p>Eigin textar og annarra lesnir upphátt (sögustundir)</p> <p>Hlustun á upplestur nemenda og kennara (sögustundir, morgunlestur)</p> <p>Skapandi skrif og fjölbreytt ritun</p> <p>Söngtextar lesnir, sungnir, skapaðir og greindir</p> <p>Samræður um texta (morgun-lestur)</p> <p>Leikræn tjáning, leiktextar lesnir og fluttir</p> <p>Hlustað á fjölbreytt efni m.a. frásagnir úr hreppnum og hugað að munnlegri frásögn (endursögn)</p> <p>Smiðjuvinna þvert á námsgreinum</p>	<p>Bókstafa- og lestrarkönnun (1. bekkur og 2. ef nem. ekki farnir að lesa samfelldan texta)</p> <p>Læsi 1.1, 1.2, 1.3, 2.1 og 2.2</p> <p>Raddlestrarpróf (samtals 3-4 yfir skólaárið) Fyrir hvern árgang er gert ráð fyrir lágmarks atkvæðafjölda á mínútu. Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí. Orðleysupróf lagt fyrir í september.</p> <p>Nefnuhraðapróf í janúar.</p> <p>Orðarún 3. bekkur (lesskilningur)</p> <p>Við lok 3. bekkjar er lagt mat á hvort nemandi sem ekki nær viðmiðum í lestri verði prófaður með Logos</p>

Miðstig (4.-6. bekkur)

Matsþættir	Hæfniviðmið (nemandi)	Leiðir	Mat á árangri og stöðu nem.
Lestur og skilningur	<input type="checkbox"/> getur lesið sér til ánægju og fróðleiks <input type="checkbox"/> getur lesið fyrirmæli og farið eftir þeim <input type="checkbox"/> getur aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum <input type="checkbox"/> getur beitt hugtökum eins og söguþræði, persónulýsingu, umhverfi og boðskap <input type="checkbox"/> getur lesið áheyrilega með réttum áherslum <input type="checkbox"/> getur lesið og skilið fjölbreytta texta sem reyna á færni í lestri <input type="checkbox"/> getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða sinn <input type="checkbox"/> getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta og endursagt <input type="checkbox"/> getur nýtt sér ólíka miðla við upplýsingaöflum og er læs á myndmál og myndrit og getur lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga <input type="checkbox"/> getur túlkað og skilið fróðleiks- og bókmenntatexta	Lesið daglega heima og í skólanum Eigin textar og annarra lesnir upphátt (sögustundir) Hlustun á upplestur nemenda og kennara (sögustundir, morgunlestur) Skapandi skrif og fjölbreytt ritun Samræður um texta og bókmenntatúlkun (morgun-lestur) Leikræn tjáning, leiktextar lesnir og fluttir Unnið með orðaforða í öllum námsgreinum á skapandi og fjölbreyttan hátt Hlustað á fjölbreytt efni m.a. frásagnir úr hreppnum og hugað að munnlegri frásögn (endursögn) Smiðjuvinna þvert á námsgreinar	Raddlestrarpróf (samtals 3-4 yfir skólaárið) Fyrir hvern árgang er gert ráð fyrir lágmarks atkvæðafjölda á mínútu. Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí. Orðleysupróf lagt fyrir í september. Framsagnarpróf þegar 200 atkvæðum náð á mínútu Orðarún (lesskilningur) Logos greiningartæki notað þegar ljóst er að nemandi nær ekki viðmiðum í lestri

Eldri barna deild (7.-10. bekkur)

Matsþættir	Hæfniviðmið (nemandi)	Leiðir	Mat á árangri og stöðu nem.
Lestur og skilningur	<input type="checkbox"/> getur lesið sér til ánægju og fróðleiks <input type="checkbox"/> hefur tileinkað sér góðan upplestur og heldur athygli áheyrenda <input type="checkbox"/> getur beitt mismunandi og fjölbreyttum lestraraðferðum <input type="checkbox"/> getur lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað <input type="checkbox"/> getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða og hugtakaskilning <input type="checkbox"/> getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt mat á gildi og trúverðugleika þeirra <input type="checkbox"/> getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær getur lesið ólíka texta af öryggi og með skilningi, lagt mat á þá og túlkað <input type="checkbox"/> getur notað orðabækur og önnur uppflettirit <input type="checkbox"/> skilur mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi <input type="checkbox"/> getur valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur <input type="checkbox"/> getur lesið fræði-afþreyingar og	Þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni (7. bekkur) <input type="checkbox"/> lesið daglega heima og í skólanum <input type="checkbox"/> hugað sérstaklega að yndislestri og vali á bókmenntatextum sem höfða til hvers og eins <input type="checkbox"/> unnið með orðaforða á fjölbreyttan hátt Hugatakabækur nýttar í námsgreinunum Smíðjuvinna þvert á námsgreinar Unnið með ólíkar gerðir texta og námsefni sem sérstaklega reyna á ályktunarhæfni nemenda og gagnrýna hugsun Samræðutækni beitt og hópvinna nýtt í bókmenntakennslu Hraðlestur kenndur og verkefni eins og Lesklikk notuð til þess að þjálfá lesskilning nemenda Hvatt til notkunar hljóðbóka sérstaklega þegar um ræðir nemendur sem ná ekki viðmiðum í lestri	Raddlestrarpróf (samtals 3-4 yfir skólaárið) Fyrir hvern árgang er gert ráð fyrir lágmarks atkvæðafjölda á mínútu. Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí. Orðleysupróf lagt fyrir í september. Framsagnarpróf þegar 200 atkvæðum náð á mínútu Orðarún (lesskilningur) Logos greiningartæki notað þegar ljóst er að nemandi nær ekki viðmiðum í lestri

bókmenntatexta af
öryggi og með
góðum skilningi, lagt
mat á þá, ályktað og
túlkað (10. bekkur)
 getur aflað sér
upplýsinga úr
fjölbreyttum miðlum
og tekið gagnrýna
afstöðu til þeirra (10.
bekkur)

Viðmið í lestri eftir árgöngum

Hér að neðan eru upplýsingar um þau viðmið sem sett eru í lestri í hverjum árgangi. Ef lágmarksviðmiðum er ekki náð er gripið til sérúrræða í samstarfi við forráðamenn og sérfræðinga s.s. eins og sérkennara. Þegar raddlestrarkannanir eru lagðar fyrir er einnig sérstaklega hugað að þyngdarstigi texta með því að finna LIX tölu þ.e. vegið hlutfall langra orða og meðallengdar setninga. Sem dæmi telst lesefni sem gefur lægri LIX tölu en 30 vera á þyngdarstigi barnabóka. Hver og einn nemandi hvort sem hann hefur öðlast mjög mikla lestrarfærni eða nær ekki lágmarksviðmiðum fær viðfangsefni í lestri við hæfi. Á hverju skólaári fara þeir kennarar sem hafa umsjón með móðurmálskenndu við skólann yfir lesefni ásamt því að kynna sér nýtt efni/nýjungar í lestrarkennslu og hafa fjölbreytt efni á ólíkum þyngdarstigum til reiðu.

1. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	0-10	
Miðönn	5-40	23
Vorönn	20-50	53

2. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	20-50	51
Miðönn	50-80	72
Vorönn	80-110	89

3. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	80-110	71
Miðönn	110-140	92
Vorönn	140-170	107

4. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	110-140	94
Miðönn	140-170	112
Vorönn	170-framsagnarmat	123

5. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	140-170	110
Miðönn	170	127
Vorönn	221-framsagnarmat	139

6. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	170-230	127
Miðönn	170-	140
Vorönn	230 +	150

7. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	230	128
Miðönn	300	136
Vorönn	300+	150

8. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	301-350	133
Miðönn	350+	146
Vorönn	350+	151

9. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	301-350	135
Miðönn	350+	150
Vorönn	350+	155

10. bekkur	Atkvæði á mínútu	Orð á mínútu í aldurssvarandi texta
Haustönn	301-350	150
Miðönn	350+	155
Vorönn	350+	160

Fyrirlögn

Umsjónarkennarar sjá um fyrirlögn prófa sinna nemenda. Farið er eftir fyrirframákveðnum tímasetningum t.d. er Orðarún lögð fyrir í október (próf 1) og maí (próf 2). Í lestrarmöppu skólans má nálgast upplýsingar um fyrirlögn auk þess sem a.m.k. einn starfsmaður sem þekkir vel til þeirra skimana og prófa sem notuð eru veitir nýjum starfsmönnum leiðsögn. Allar niðurstöður eru skráðar og á grundvelli þeirra tekin ákvörðun í samstarfi við sérkennara um hvaða leiðir skuli fara ef nemendur mælast undir viðmiði sbr. áætlun skólans um eftirfylgni og sér- eða stuðningskennslu. Niðurstöður prófa og skimana er miðlað til foreldra og stuðningur veittur til þess að tryggja framfarir, s.s. í formi heimaæfinga sem þjálfar nemendur í lestri og lesskilningi eftir því sem þurfa þykir.

Varðveisla lestrar skimana og hraðlestrarkannana

Frá hausti 2015 eru allar hraðlestrarkannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum sérmerktar hverjum árgangi og nemanda sem þær þreyta og varðveittar í sérstakri möppu. Niðurstöður hraðlestrarkannana eru jafnóðum settar inn í þar til gert skjal á sameign undir Skólastarf nám og kennsla → Lestur og læsi → ártal skólaárs t.d. 2015-2016 → Kannanir_yfirlit. Með þessum hætti má fylgjast náið með framförum nemenda en þeir sem teljast undir viðmiði eru rauðmerktir og er sérstaklega hugað að viðbrögðum við lestrarvanda ef hann er til staðar. Það er m.a. gert í samráði við sérkennara Grunnskólans á Hólmavík. Einnig er hugað að þeim nemendum sem sýna mjög góða lestrarfærni og þeim fundið efni við hæfi.

Hraðlestrarkannanir eru lagðar fyrir þrisvar til fjórum sinnum á skólaári; að hausti er próf frá sl. vori lagt fyrir að nýju lokið eigi síðar en 18. september eða þegar um fjórar vikur eru liðnar af haustönninni, í nóvember eða eigi síðar en um miðjan mánuðinn, í janúar/ febrúar eða eigi síðar en við lok miðannar, í apríl eða eigi síðar en 10. maí.

Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma til þess að undirbúa fyrirlögnina og skoða vel reglur (sjá Sameign Raddlestur_reglur) um fyrirlögn ásamt áætlun um skimanir og próf fyrir hvern árgang sem einnig má finna inn á sameign.

Gott er að hvetja nemendur til þess að setja sér markmið í lestri t.d. að auka hraðann á milli prófa, jafnvel mætti útbúa sérstakt markmiðsblað og afhenda í nóvemberfyrirlögn og skoða í næsta prófi. Öll gögn er varða stöðu nemenda í lestri eru trúnaðargögn og meðhöndluð sem slík innan skólans.